



## Erindisbréf Stjórn Styrktarsjóðs LSS

**Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila í stjórn Styrktarsjóðs til tveggja ára.**

Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS, sem formaður.

Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS.

Halldóra Kristín Guðjónsdóttir, bókarí LSS.

Styrktarsjóður er sjálfstæður sjóður og starfar skv. samþykktum þess. Stjórn skipar þrjá aðila í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Gjaldkeri LSS á rétt að sitja fundi sjóðsins, með málfrelsi og tillögurétt. Skrifstofustjóri LSS er starfsmaður sjóðsins.

**Gildistími skipunar:** September 2020 til apríl 2022.

**Markmið sjóðsins er að:**

- Greiða bætur í slysa- og veikindatilfellum.
- Að vinna að aukinni heilsuvitund félagsmanna.
- Stuðla að bættri heilsu félagsmanna.
- Efla fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar hjá félagsmönnum.
- Efla fyrirbyggjandi forvarnir gegn sjúkdómum hjá félagsmönnum.

**Hlutverk:**

Sjóðsstjórn ber ábyrgð á rekstri og úthlutun sjóðsins. Fulltrúum LSS ber að vinna eftir áherslum stjórnar LSS. Sjóðsstjórn er sjálfstæð í störfum sínum en heldur gerðarbók og skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Sjóðsstjórn hefur að leiðarljósi siðareglur, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.

**Hlutverk sjóðsstjórnar eru m.a.:**

- Sjóðsstjórn ber ábyrgð á rekstri og úthlutun sjóðsins og sér um að afgreiða styrkumsóknir samkvæmt gildandi reglugerð um starfsemi þess.
- Sjóðsstjórn mótar stefnu LSS varðandi bættu heilsu og eftirfylgni þess.
- Sjóðsstjórn fylgir eftir stjórnar- og þingssamþykktum LSS.
- Ef gerðar eru breytingar á reglum Styrktarsjóðs skal bera þær undir stjórn LSS.
- Í lok hvers almanaksárs ber sjóðsstjórn að skila skýrslu þar sem gert er grein fyrir fjárhag og starfsemi sjóðsins.
- Í upphafi skipunartímabils skal sjóðsstjórn skipta með sér verkum, setja sér starfsreglur og starfa skv. þeim.

**Starfshættir**

Formaður sjóðsins ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréfleg eða rafræn og send öðrum stjórnarmönnum, eigi síðar en fjórum sólarhringum fyrir fund. Úthlutað er átta sinnum úr sjóðnum á ári eða oftari ef þurfa þykir.



**Vonast er til að starfssemi sjóðsins skili eftirfarandi árangri:**

- Að auka heilbrigðisvitund félagsmanna.
- Að efla líkamlega og andlega heilsu félagsmanna.
- Að félagsmenn fylgist vel með heilsufari sínu.
- Styrkja félagsmenn í langvarandi veikindum.

**Fjármál:**

Styrktarsjóður er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá atvinnurekendum. Öll fjárútlát þarf sjóðsstjórn að samþykka.

**Tengiliðir úr stjórn LSS:** Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS.

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Magnús Smári Smáráson  
Formaður

Bjarni Ingimarsson  
Varaformaður